

Aðalfundur nemendagarða Lýðháskólans á Flateyri ses kt 420919-0260 haldinn fimmtudaginn 4.júlí kl 17.00 í Skúrinni á Flateyri.

Mætt: Egill Ólafsson, Anton Helgi Guðjónsson, Kristín Pétursdóttir, Óttar Guðjónsson, Runólfur Ágústsson, Steinþór Bjarni Kristjánsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Helena Jónsdóttir, Ívar Kristjánsson.

Í samþykktum félagsins er ekki getið um dagskrá fundar. Dagskráin verður því eftirfarandi (í samræmi við aðalfund nemendagarða hses) að aflokinni kosningu fundarstjóra og fundarritara:

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2023
2. Framlagning ársreiknings til samþykktar (2022 og 2023)
3. Breytingar á samþykktum (ef við á)
4. Tilkygning um skipan stjórnar.
5. Kosning endurskoðenda
6. Önnur mál

Formaður setti fund og gerði það að tillögu sinni að Steinþór Bjarni Kristjánsson verði fundarstjóri og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir verði fundarritari.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Steinþór tók við stjórn fundarins.

1.-2.

Skýrsla stjórnar og framlagning ársreiknings. Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að liður 1 og 2 á dagskrá fundar verði teknir saman. Fyrir sitt hvort árið.

2022. Aðalstarfsemi félagsins er fasteignarekstur gegn þóknun eða samkvæmt samningi.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrartap félagsins 2,1 millj.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 7,4 millj.kr. en var um 9,4 millj.kr. í byrjun árs. Stjórn félagsins leggur til að rekstrartapi ársins verði ráðstafað til næsta árs. Engar arðgreiðslur verða greiddar á árinu. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Handwritten signatures and initials: SBN, IR, EO, KGR, and other illegible marks.

Engar launagreiðslur voru hjá félaginu á árinu. Engar launagreiðslur voru hjá félaginu á fyrra ári. Stofnfé félagsins skiptist þannig:

Ísafjarðarbær	7.525.070	98,4%
Lýðskólinn á Flateyri	124.930	1,6%
	7.650.000	

Umræður um skýrslu stjórnar og framlagðan ársreikning.

Skýrsla stjórnar og framlagður ársreikningur borinn upp. Samþykkt samhljóða.

2023. Aðalstarfsemi félagsins er fasteignarekstur gegn þóknun eða samkvæmt samningi. Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrartap félagsins 4,7 millj.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 2,7 millj.kr. en var um 7,4 millj.kr. í byrjun árs. Stjórn félagsins leggur til að rekstrartapi ársins verði ráðstafað til næsta árs. Engar arðgreiðslur verða greiddar á árinu. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Engar launagreiðslur voru hjá félaginu á árinu. Engar launagreiðslur voru hjá félaginu á fyrra ári. Stofnfé félagsins skiptist þannig:

Ísafjarðarbær	7.525.070	98,4%
Lýðskólinn á Flateyri	124.930	1,6%
	7.650.000	

Umræður um skýrslu stjórnar og framlagðan ársreikning.

Skýrsla stjórnar og framlagður ársreikningur borinn upp. Samþykkt samhljóða.

3.

Breytingar á samþykktum. Ekki liggur fyrir þessum aðalfundi breyting á samþykktum.

4.

Skipan stjórnar. Samkvæmt 7. gr. samþykktu félagsins skal stjórn skipuð þremur fulltrúum, tveimur skipuðum af stjórn Lýðskólans og einum af stjórn Hverfisráðs Önundarfjarðar. Egill Ólafsson formaður stjórnar nemendagarða ses það um orðiði kemur með tillögu að stjórn verði skipuð sem hér segir:

Anton Helgi Guðjónsson

Egill Ólafsson

Kristín Pétursdóttir

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "S. Bak", "EK", "AM", "EÖ", and other illegible marks.

Umræður um framkomna tillögu um skipun stjórnar. Hafdís Gunnarsdóttir eru þökkuð góíð störf.

Fundarstjóri ber tillögu formanns upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt samhljóða.

5.

Kosning endurskoðenda. Á síðasta aðalfundi voru Gerður Ágústa Sigmundsdóttir og Hrefna Erlinda Valdemarsdóttir kosnar sem félagskjörnir endurskoðendur. Þó skal tekið fram að Theodór Siemsen Sigurbergsson frá Grant Thornton hefur endurskoðað reikninga félagsins síðustu ár.

Fundarstjóri leggur til að það verði óbreytt.

Tillaga borin upp um að Gerður og Hrefna verði kosnar sem félagskjörnir endurskoðendur en jafnframt verði haldið áfram að fá Theodór til að endurskoða reikninga félagsins.

Samþykkt samhljóða.

6.

Önnur mál. HMS hefur nú afgreitt lánsúmsókn vegna byggingar Hafnarstrætis 29. Skilyrði fyrir lánveitingu er að Nemendagarðar Lýðháskólans hses. yfirtaki fasteign að Eyrarvegi 8 Flateyri, F2126383, að lánið verði með krosstryggingu í Hafnarstræti 29 á 1. veðrétti og Eyrarvegi 8 á 2. veðrétti, að félagið eigi andvirði tveggja mánaða afborgana af láni HMS á biðreikningi, að handbært fé frá rekstri sem myndast næstu þrjú árin verði nýtt til innborgunar inná lánið og að HMS fái aðild að fulltrúaráði félagsins. Vegna þessara skilyrða er lögð fram tillaga um að aðalfundurinn heimili stjórn að selja á Eyrarveg 8 til nemendagarða Lýðskólans hses skv. samkomulagi við HMS.

Tillaga: Aðalfundur nemendagarða Lýðsháskólans ses heimilar hér með stjórn að selja Eyrarveg 8 í samræmi við skilyrði HMS.

Tillaga borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 17:15.

Egill Ólafsson
Anna Helga Guðjónsdóttir
Kerstin Guðm. Petrusd.
Sigríður Jóna Þorl.
Óttar Guðjónsson

Guðm. Petrusd.
Óttar Guðjónsson
Hafdís Gunnarsdóttir

LIK 573
EÖ